

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 87/2008

frá 4. júlí 2008

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2008 frá 6. júní 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi ⁽²⁾ var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2004 frá 26. apríl 2004 ⁽³⁾, ásamt sér-tækum aðlögunarákvæðum fyrir tiltekin lönd.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1477/2007 frá 13. desember 2007 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd ⁽⁴⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 23/2008 frá 11. janúar 2008 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd ⁽⁵⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 66i (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003) í XIII. viðauka við samninginn:

- „– **32007 R 1477**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1477/2007 frá 13. desember 2007 (Stjttíð. ESB L 329, 14.12.2007, bls. 22),
- **32008 R 0023**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 23/2008 frá 11. janúar 2008 (Stjttíð. ESB L 9, 12.1.2008, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1477/2007 og 23/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjttíð. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 18.

⁽²⁾ Stjttíð. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 277, 26.8.2004, bls. 175, og EES-viðbætur við Stjttíð. ESB nr. 43, 26.8.2004, bls. 159.

⁽⁴⁾ Stjttíð. ESB L 329, 14.12.2007, bls. 22.

⁽⁵⁾ Stjttíð. ESB L 9, 12.1.2008, bls. 12.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. júlí 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.